



Jólatónleikar kórs ML

Kór Menntaskólans á Laugarvatni hélt árlegu jólatónleika í Skálholtskirkju í desember. Tónleikarnir voru mjög hátíðlegir og voru flutt gullfallæg jólalög sem sungu hátíðina inn fyrir tónleikagesti. Meira er fjallað um tónleikana á [vef skólans](#).

Jólamarkaðir í Uppsveitunum

Það er löngu orðið jólalegt í uppsveitunum og á nokkrum stöðum voru haldnir yndislegir jólamarkaðir þar sem hægt var að kaupa allt milli himins og jarðar. Jólaimurinn tók yfirhöndina þegar fólk fékk sér heitt súkkulaði og smákökur en fátt hringir jólabjöllunum inn meira en það. Hér til hlíðar er hægt að sjá nokkrar myndir sem teknar voru af jólamörkuðunum en myndirnar eru fengnar af síðu Sveitarsetursins á Brú sem var með jólamarkað síðustu helgi og myndirnar frá jólamarkaði í Hrunamannahreppi voru fengnar frá Örnun Þólli Sigmundardóttur mynd frá jólamarkaði kvenfélags Biskupstungna var fengin frá Herdísi Friðriksdóttur.

Vinna við atvinnumálastefnu Uppsveitanna

Frá því að byggðapróunarfulltrúi tók til starfa í byrjun september hefur ýmisleg verið gert. Ýmsir aðilar hafa boðið ferðamálafulltrúa og byggðapróunarfulltrúa í heimsókn til að kynna sér þá starfssemi sem er í gangi. Byrjað er að vinna að ýmsum verkefnum sem eru í Atvinnumálastefnu Uppsveitanna og má þar nefna verkefni um orkuþörf, kynningaráætlun fyrir svæðið, gerð móttökuáætlunar og verkefni tengt kortlangningu matvælaframleiðenda og sölustaða. Það er ljóst að næg verkefni liggja fyrir til að vinna að á næsta ári.

Orkídea leitar að þátttakendum

Orkídea leitar að þátttakendum í rýnihóp vegna nýsköpunarverkefnisins Value4Farm þar sem áherslan er á þróun og innleiðingu á lausnum til orkuframleiðslu í landbúnaði, með sérstaka áherslu á samhæfingu orku og fæðuframleiðslu. Áhugasamir geta kynnt sér verkefnið [hér](#) og skráð sig til þátttöku hjá magnus@orkidea.is

Óskað eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2023.

SASS óskar eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2023. Allir þeir sem tengjast skóla- og/eða menntunarstarfi með einhverjum hætti, s.s. sveitarfélög, skólaneindir, kennarar, starfsfólk skóla og annað áhugafólk um menntun og skólastarf, hafa rétt til þess að tilnefna til verðlaunanna. Tilnefningunni verður að fylgja ítarlegur rökstuðningur. Allir þeir sem koma að skóla- eða menntunarstarfi með einhverjum hætti geta hlotið verðlaunin, t.a.m. leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar, símenntunarstöðvar, háskólastofnanir, kennarar, einstaklingar eða hópar, skólaskrifstofur, sveitarfélög/skólaneindir og foreldrafélög. Tilnefningar skulu berast til Samtaka sunnlenstra sveitarfélaga, Austurvegi 56, Selfossi, fyrir miðnætti sunnudaginn 4. febrúar nk. Tilnefningar berist á netfangið menntaverdlaun@sudurland.is

Byggðapróunarfulltrúi Uppsveitanna

Byggðapróunarfulltrúi Uppsveitanna er með aðsetur í Aratungu í Reykholti og er við á skrifstofutíma. Margir hafa nýtt sér það að koma við á skrifstofunni og viðráð við hann hugmyndir að verkefnum. Þeir sem hafa komið hafa verið á öllum aldri frá öllum fjórum sveitarfélögum í Uppsveitunum. Það er gaman að sjá hve mikil gróska er í Uppsveitunum og engin vöntun á hugmyndaauði. Ef þið viljið koma við á skrifstofutíma þá er alltaf heitt á könnunni og ekki er verra ef hringt er á undan sér í síma 480-3009 og einnig er hægt að hafa sambandi í tölvupósti á póstfangið lina@sveitir.is

...meira næst!